BREYTING Á DEILISKIPULAGI, KENNARAHÁSKÓLI ÍSLANDS 1.254

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborg

TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI, mkv. 1:1000

Reitur A			Núgildandi deiliskipulag	Breytt deiliskipulag	
Lóðarstærð (m^2)			3.910,2	6.777,5	
Byggingar					
Byggingarreitur	Húsgerð	Hæðarfjöldi	Hámarksstærð (m^2)	Hámarksstærð (m^2) ofanjarðar	ofan- og neðanjarðar
A1 (996,87 m^2)	Stakstæð hús, 42 íbúðir	3 hæðir, kjallari, láris	2.465	2.465	2.465
A2 (312,50 m^2)	Stakstæð hús, 15-17 íbúðir	2-3 hæðir, kjallari, ris		970	1.270
A3 (618,75 m^2)	Stakstæð hús, 30-33 íbúðir	2-3 hæðir, kjallari, ris		1.810	2.340
A4 (55,00 m^2)	Stakstæð hús, skýli	1 hæð		55	55
A5 (55,00 m^2)	Stakstæð hús, skýli	1 hæð		55	55
Byggingar samtals			2.465	5.355	6.185
Nýtingarhlutfall			0,63	0,79	0,91
Bílastæði					
Hámarksfjöldi bílastæða ofanjarðar			40	50	
Gróður					
Fjöldi nýrra trjáa				70	
Flatamál runna (m^2)				400	

Reitur B			Núgildandi deiliskipulag	Breytt deiliskipulag	
Lóðarstærð (m^2)				3.395,5	
Byggingar					
Byggingarreitur	Húsgerð	Hæðarfjöldi	Hámarksstærð (m^2)	Hámarksstærð (m^2) ofanjarðar	ofan- og neðanjarðar
B1 (312,50 m^2)	Stakstæð hús, 15-17 íbúðir	2-3 hæðir, kjallari, ris		970	1.270
B2 (618,75 m^2)	Stakstæð hús, 30-33 íbúðir	2-3 hæðir, kjallari, ris		1.810	2.340
B3 (55,00 m^2)	Stakstæð hús, skýli	1 hæð		55	55
B4 (50,00 m^2)	Stakstæð hús, skýli	1 hæð		50	50
B5 (50,00 m^2)	Stakstæð hús, skýli	1 hæð		50	50
Byggingar samtals				2.885	3.715
Nýtingarhlutfall				0,85	1,09
Bílastæði					
Hámarksfjöldi bílastæða ofanjarðar			38	14	
Gróður					
Fjöldi nýrra trjája				30	
Flatamál runna (m^2)				200	

Reitur C			Núgildandi deiliskipulag	Breytt deiliskipulag	
Lóðarstærð (m^2)				6.702,0	
Byggingar					
Byggingarreitur	Húsgerð	Hæðarfjöldi	Hámarksstærð (m^2)	Hámarksstærð (m^2) ofanjarðar	ofan- og neðanjarðar
C1 (530,00 m^2)	Stakstæð hús, 15-18 íbúðir	3-5 hæðir, kjallari		2.010	2.545
C2 (530,00 m^2)	Stakstæð hús, 17-21 íbúðir	4-5 hæðir, kjallari		2.310	2.845
C3 (578,00 m^2)	Stakstæð hús, 24-27 íbúðir	4-5 hæðir, kjallari		2.750	3.360
C4 (40,00 m^2)	Stakstæð hús, garðskýli	1 hæð		40	40
C5 (40,00 m^2)	Stakstæð hús, garðskýli	1 hæð		40	40
C6 (2.368,47 m^2)	Stakstæð hús, bílageymsla	Kjallari		0	1.420
Byggingar samtals				7.150	8.750
Nýtingarhlutfall				1,07	1,31
Bílastæði					
Hámarksfjöldi bílastæða ofanjarðar			0	24	
Hámarksfjöldi bílastæða neðanjarðar			0	60	
Gróður					
Fjöldi nýrra trjája				70	
Flatamál runna (m^2)				400	

Reitur D			Núgildandi deiliskipulag	Breytt deiliskipulag	
Lóðarstærð (m^2)			36.566,0	22.399,0	
Byggingar					
Byggingarreitur	Húsgerð	Hæðarfjöldi	Hámarksstærð (m^2)	Hámarksstærð (m^2) ofanjarðar	ofan- og neðanjarðar
D1 (3.723,75m^2)	Stakstæð hús, menntastofnun	1-3 hæðir, kjallari, ris	8.720	8.720	8.720
D2 (1.404,68 m^2)	Stakstæð hús, íþróttahús	1-2 hæðir, kjallari	2.100	2.100	2.100
D3 (595,50 m^2)	Stakstæð hús, menntastofnun*	2-3 hæðir		1.750	1.750
D4 (1.015,00m^2)	Stakstæð hús, menntastofnun	4 hæðir, kjallari		2.750	3.765
D5 (40,00 m^2)	Stakstæð hús, skýli	1 hæð		55	55
D6 (2.368,47 m^2)	Stakstæð hús, skýli	1 hæð		78	78
D7 (2.368,47 m^2)	Stakstæð hús, skýli	1 hæð		50	50
D8 (2.368,47 m^2)	Stakstæð hús, inngangur	1 hæð		20	40
D9 (1.668.65 m^2)	Stakstæð hús, bílageymsla	Kjallari		0	1.669
Byggingar samtals			10.820	15.523	18.227
Nýtingarhlutfall			0,30	0,69	0,81
Bílastæði					
Hámarksfjöldi bílastæða ofanjarðar			250	105	
Hámarksfjöldi bílastæða neðanjarðar			0	67	
Gróður					
Lámarksfjöldi nýrra trjája				80	
Lámarksflatamál runna (m^2)				200	

* Vegna landhalla mun hluti jarðhæðar fara undir jörðu.
Jarðhæðir þeirra eru engu að síður gefnar upp sem m^2 ofanjarðar tuil samræmis við önnur hús.

Í hámarksstærð byggingar ofanjarðar er A- og B rými innifalin.
Fyrirkomulag bílastæða er bindandi.
Fyrirkomulag gróður er ekki bindandi.

Hluti aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030

SKÝRINGAR

- Afmörkun deiliskipulagssvæðis
- Núverandi lóðamörk
- Breytt lóðamörk
- Nýtt lóðamörk
- Núverandi byggingar — Fyrir utan deiliskipulagssvæði
- Núverandi byggingar — Fyrir innan deiliskipulagssvæði
- Núverandi byggingar með varðveislugildi — Fyrir innan deiliskipulagssvæði
- Byggingarreitur hámark — Hallandi þak
- Byggingarreitur hámark — Flatt þak / hallandi þak < 5°/ gróðurþak
- Byggingarreitur neðanjarðar
- Sérafnotaflötur
- Almannasvæði / leiksvæði / grill / útivist
- Bindandi byggingarlína
- Megin mænisstefna
- (1.1) Byggingarreitur
- 1KR Hæðir / kjallari / ris
- Stígur (göngu - og hjólaleið), leiðbeinandi
- Gata / bílastæði
- Upphækkaður stígur
- Kvöð um stíg (breidd og lag bindandi)
- Kvöð um stíg og snjóbræðslulagnir (breidd og lag bindandi)
- Kvöð um akstur
- Innkeyrsla bílastæðahús / kjallara
- 10P Fjöldi bílastæða á lóð hámark
- 10P Fjöldi bílastæða í bílageymslu hámark
- Bílastæði
- Bílastæði hreyfihamlaðra
- Sorp / endurvinnsla
- Ræktun
- Hjólastandur
- Hjólaskýli
- Núverandi tré
- Ný tré
- 100 m² Lóðastærð
- NH: 2,0 Nýtingahlutfall hámark

6. SÉRSKILMÁLAR

6.1 Reitur A (námsmannaíbúðir A1, A2 og A3)
Bólstaðarhlíð 23 sem í eru námsmannaíbúðir tilheyrir reit A og eru þar 42 íbúðir. Samtals eru 92 íbúðir heimilar á reit A. Heimilt er að byggja samtals allt að 50 nýjar íbúðir á byggingareitum A2 og A3.

6.1.1 Húsgerð
Heimilt er að byggja tveggja til þriggja hæða íbúðarbyggingu, auk nýtanlegrar rishæðar með mænisþaki. Kjallari er heimiláður. Opinn svalagangur er leyfilegur. Íbúðasvalir mega fara út fyrir byggingareit um allt að 1,8 metra og mega vera allt að 2,5 metra breiðar. Á rishæð skulu svalir vera inndregnar frá útvegg og mega ekki fara út fyrir byggingareit, þó má gera ráð fyrir svölum ofan á svalagangi. Einstaka minniháttar bygginarhlutar s.s. þakskeggog gluggafrágangur sem felur í sér útkrögun mega fara 30 cm út fyrir byggingareit. Skyggni yfir inngangi má fara 1,2 metra út fyrir byggingareit, en önnur skyggni eru ekki leyfileg, s.s. skyggni yfir svölum.
Gera skal ráð fyrir uppbroti í útveggjum á langhliðum bygginga með eftirfarandi hætti: A.m.k. 1/3 hluti af úthlið og allt að 2/3 hlutar úthliða skal draga inn um a.m.k. 2 metra. Byggingalína á norðurhliðum þeirra bygginga sem eru með hallandi þök er bindandi. Dýpt bygginga skal vera að hámarki 10,5 m (að svalagangi meðtöldum, ef hann er til staðar).

6.1.2 Húshæðir og þök
Þakform núverandi byggingar á reit A1 er lágreist mænisþak og ekki er heimilt að breyta því. Á byggingareit A2 og A3 eru tvær til þrjár hæðir auk rishæðar og kjallara heimiluð. Þakform skal vera mænisþak með 35° - 45° halla. Einhalland kvistir eru heimilaðir á 2/3 hluta þaks og skal halli þaks á kvistum vera sá sami og á þaki (sjá nánar skýringarmynd).
Á byggingareit A3 er er gert ráð fyrir tengibyggingu með flötu þaki t.d. gróðurþaki.
Hámarkshæðir húsa miðast við gólfkóta 1.hæðar sem er 15cm hærra en gangstéttarkóti (Sjá nánar skýringarmynd vegna húshæða). Kótar verða nánar ákvarðaðir á mæliblaði.

6.1.3 Aðkomur og aðgengi
Akstursaðkoma er frá Stakkahlíð. Aðalinngangar að íbúðum í byggingu A1 er um göngustíg á norðurhlið hússins. Aðalinngangar að íbúðum í byggingu A2 skal vera á austurhlið hússins og aðalinngangur í A3 skal vera um göngustíg á norðurhlið hússins.

6.1.4 Bílastæði
Bílastæði á reit A skulu vera allt að samtals 50 og þar af skal vera lágmarksfjöldi bílastæða fyrir hreyfihamlaða skv. byggingareglugerð við aðkomu/innganga. Fyrirkomulag bílastæða skv. uppdrætti er bindandi.

6.1.5 Lóð
Vanda skal til hönnunar og frágangs lóðar með þarfir íbúa í huga. A.m.k. 50% yfirborðs garðs skal vera gegndræpt. Gert er ráð fyrir göngutengingu um garð og í miðju leik- og dvalar/grillsvæði. Íbúðir jarðhæða skulu hafa sérnafotareiti undir svölum efri hæða og skulu þeir vera hluti af hönnun húss. Sérafnotareitir skulu ekki ná meira en 2 metra frá útvegg stofu íbúða. Afmarka má sérafnotafleti með lággróðri og runnum. Skjólveggir skulu vera hluti af hönnun húss og ekki vera hærri en 1,5 metri. Þeir skulu snúa 90° á húsið og mega ekki ná meira en 2 metra frá útvegg stofu íbúða. Ekki er heimilt að girða lóðina af.
Gert er ráð fyrir hjólastöndum við byggingar á reit A (sjá uppdrátt vegna staðsetningar).
Gert er ráð fyrir nýjum gróðri, trjám og lággróðri (Sjá töflu og uppdrátt vegna fjölda).

6.1.6 Sorp- og hjólaskýli
Sorpgeymsla er í núverandi byggingu A1. Reitur A4 er fyrir sorpskýli (flokkun og geymslu sorps) og hjólaskýli. Reitur A5 er fyrir hjólaskýli og garð- eða gróðurskýli. Salarhæð skal vera mest 2,8 metrar. Hjóla- og sorpskýli skulu vera hluti af hönnun húsa á svæðinu.

6.2 Reitur B (námsmannaíbúðir B1 og B2)
Heimilt er að byggja samtals allt að 50 íbúðir á byggingareitum B1 og B2.

6.2.1 Húsgerð
Heimilt er að byggja tveggja til þriggja hæða íbúðarbyggingu, auk nýtanlegrar rishæðar með mænisþaki. Kjallari er heimiláður. Opinn svalagangur er leyfilegur. Íbúðasvalir mega fara út fyrir byggingareit um allt að 1,8 metra. Á rishæð skulu svalir vera inndregnar frá útvegg og mega ekki fara út fyrir byggingareit, þó má gera ráð fyrir svölum ofan á svalagangi. Einstaka minniháttar bygginarhlutar mega fara út fyrir byggingareit s.s. þakskegg,og gluggafrágangur sem felur í sér útkrögun mega fara 30 cm út fyrir byggingareit. Skyggni yfir inngangi má fara 1,2 metra út fyrir byggingareit, en önnur skyggni eru ekki leyfileg, s.s. skyggni yfir svölum).
Gera skal ráð fyrir uppbroti í útveggjum á langhliðum bygginga með eftirfarandi hætti: A.m.k. 1/3 hluti af úthlið og allt að 2/3 hlutar úthliða skal draga inn um a.m.k. 2 metra. Byggingalína á norðurhliðum þeirra bygginga sem eru með hallandi þök er bindandi. Dýpt bygginga skal vera að hámarki 10,5 m (að svalagangi meðtöldum, ef hann er til staðar).

6.2.2 Húshæðir og þök
Á byggingareit B1 og B2 eru tvær til þrjár hæðir auk rishæðar og kjallara heimiluð. Þakform er mænisþak með 35° - 45° halla. Einhalland kvistir eru heimilaðir á 2/3 hluta þaks og skal halli þaks á kvistum vera sá sami og á þaki (sjá nánar skýringarmynd).
Á byggingarreit B2 er er gert ráð fyrir tengibyggingu með flötu þaki t.d. gróðurþaki.
Hámarkshæðir húsa miðast við gólfkóta 1.hæðar sem er 15cm hærra en gangstéttarkóti (Sjá nánar skýringarmynd vegna húshæða).

6.2.3 Aðkomur og aðgengi
Akstursaðkoma er frá Stakkahlíð. Aðalinngangar að íbúðum í byggingu B1 er um göngustíg á austurhlið hússins. Aðalinngangur að íbúðum í byggingu B2 er á norðurhlið hússins.

6.2.4 Bílastæði
Bílastæði á reit B skulu vera samtals allt að 14 og þar af skal vera lágmarksfjöldi bílastæða fyrir hreyfihamlaða skv. byggingareglugerð við aðkomu/innganga.

6.2.5 Lóð
Vanda skal til hönnunar og frágangs lóðar með þarfir íbúa í huga. A.m.k. 50% yfirborðs garðs skal vera gegndræpt. Gert er ráð fyrir göngutengingu um garð og í miðju leik- og dvalar/grillsvæði. Íbúðir jarðhæða skulu hafa sérnafotareiti undir svölum efri hæða og skulu þeir vera hluti af hönnun húss. Sérafnotareitir skulu ekki ná meira en 2 metra frá útvegg stofu íbúða. Afmarka má sérafnotafleti með lággróðri og runnum. Skjólveggir skulu vera hluti af hönnun húss og ekki vera hærri en 1,5 metri. Þeir skulu snúa 90° á húsið og mega ekki ná meira en 2 metra frá útvegg stofu íbúða. Ekki er heimilt að girða lóðina af.
Gert er ráð fyrir hjólastöndum við byggingar á reit B (sjá uppdrátt vegna staðsetningar).
Gert er ráð fyrir nýjum gróðri, trjám og lággróðri (Sjá töflu og uppdrátt vegna fjölda).

6.2.6 Sorp- og hjólaskýli
Reitur B3 er fyrir sorpskýli (flokkun og geymslu sorps) og hjólaskýli. Salarhæð má mest vera 2,8 metrar. Reitir B4 og B5, eru fyrir hjólaskýli og garð- eða gróðurskýli. Salarhæð þeirra skal vera 2,8 metrar eða ekki hærri en aðliggjandi brunaveggur.

6.3 Reitur C (íbúðir fyrir eldri borgara C1, C2 og C3)
Heimilt er að byggja að hámarki 60 íbúðir á reit C. sem skiptast þannig: Reitur C1 – 15-18 íbúðir, reitur C2 17-21 íbúð og reitur C3 24-27 íbúðir. Byggingarlína á norður- og vesturhlið C1 og C2 er bindandi. Byggingarlína á norður-, austur- og suðurhlið C3 er bindandi (sjá nánar uppdrátt).

6.3.1 Húsgerð
Á reit C er heimilt að byggja þrjár þriggja til fimm hæða íbúðarbyggingar. (sjá nánar sniðmyndir). Kjallari er heimiláður bæði sem hluti af bílakjallara, fyrir sameiginarými og geymslur íbúa. Á byggingarreitum er gert ráð fyrir tengibyggingu með flötu þaki t.d. gróðurþaki. Svalir skulu vera að einhverju leyti inndregnar frá útvegg, en mega fara út fyrir byggingarreit um 1 metra. Á efstu hæðum þar sem þak hallar er ekki leyfilegt að svalir fari út fyrir byggingarreit. Svalir skulu að hámarki vera 5 metra breiðar. Einstaka minniháttar bygginarhlutar s.s. þakskegg og gluggafrágangur sem fela í sér útkrögun, mega fara 30 cm út fyrir byggingareit. Skyggni yfir inngangi er leyfilegt og má fara 1,2 metra út fyrir byggingarreit.

6.3.2 Húshæðir og þök
Þak skal vera tví- eða þríhallandi (s.k. mansard-þak) yfir eina til tvær hæðir. Á hliðum skulu þakfleti hallast um 75° - 80° og efsti flötur þaks skal hallast um 5°-10° (sjá nánar skýringarmynd og snið). Á byggingarreitum C1, C2 og C3 er gert ráð fyrir tengibyggingu með flötu þaki t.d. gróðurþaki. (sjá nánar skýringarmynd). Hámarkshæðir húsa miðast við gólfkóta 1.hæðar sem er 1 metra yfir gangstéttarkóta (Sjá nánar skýringarmynd vegna húshæða). Leyfilegt er að byggja kvisti á hallandi langhliðum húsa á allt að tvo þriðju hliðarlengdar. Þeir skulu þó hver vera að hámarki 4m að breidd.

6.3.3 Aðkomur og aðgengi
Akstursaðkoma er frá Bólstaðarhlíð og Stakkahlíð. Innkeyrsla er frá Stakkahlíð á vestanverðu lóðinni. Aðalinngangar að íbúðum í byggingu C1 er um göngustíg á norðurhlið hússins og að byggingu C2 og C3 frá aðlægum göngustígum austan megin við húsin.

6.3.4 Bílastæði og bílakjallari
Bílastæði á reit C eru að hámarki samtals 24 ofanjarðar að því gefnu að innkeyrsla í bílakjallara sé á lóð vestan megin frá Stakkahlíð, en ef innkeyrsla er ekki gerð þá eru bílastæði að hámarki 24 ofanjarðar. Lágmarksfjöldi bílastæða fyrir hreyfihamlaða skal vera skv. byggingareglugerð við aðkomu/innganga. Hverri íbúð getur fylgt eitt bílastæði í kjallara á reit C6. Bílastæði skulu ekki vera færri en 1 þr. íbúð. Leyfilegt er að byggja bílakjallara fyrir allt að 60 bíla eða sem samsvarar einu bílastæði á íbúð auk tilheyrandi umferðarýmis. Byggingarreitur bílakjallara nær að ytri útveggjum bygginga á reit C. Heimilt er auk þess að nýta kjallara undir sameiginarrými og/eða séreignageymslur.
Jarðvegur á byggingarreit C6 skal vera nægjanlega þykkur fyrir lággróður, að lágmarki 0,5m.

6.3.5 Lóð
Vanda skal til hönnunar og frágangs lóðar. Lóðahönnun skal liggja fyrir og samþykkjast samhliða byggingarnefndarteikningum. A.m.k. 50% yfirborðs garðs skal vera gegndræpt. Gert er ráð fyrir göngutengingu um garð og dvalarsvæðum með bekkjum og gróðri á garðsvæðum. Íbúðir jarðhæða skulu hafa upphækkaða verönd/svalir og skulu þær vera hluti af hönnun hússins. Verönd/svalir mega vera á öllum hliðum hús og ná allt að 2 metrum frá útvegg og mega vera allt að 5 metra breiðar. Holrúm undir svölum skal lokað með klæðningu. Skjólveggir skulu vera hluti af hönnun húss og ekki vera hærri en 1,5 metri. Þeir skulu snúa 90° á húsið og mega ekki ná meira en 2 metra frá útvegg stofu íbúða.
Gert er ráð fyrir nýjum gróðri, trjám og lággróðri (sjá töflu og uppdrátt vegna fjölda).

6.3.6 Sorp
Sorpflokkun og geymsla skal vera innan byggingareits.

6.3.7 Gróðurskáli C4 og C5, hámarkshæð er 2,8 metrar.
Heimilt era ð byggja 2 gerskála/garðskýli fyrir ræktun og garðahöld á suðurhluta lóðar við lóðamörk. Hámarksstærð er 40 m2 samtals.

6.4 Reitur D Menntastofnun /samfélagsþjónusta (D1-D8)

6.4.1 Húsgerð
Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á núverandi byggingum D1 og D2.
Á reit D3 er heimilt að byggja 3-4 hæða viðbyggingu við aðalbyggingu Menntasviðs Hí. Vegna landhalla verður hún þriggja hæða vestan megin en fjögurra hæða austan megin. Bygging skal falla vel að áðliggjandi byggingu.

Á reit D4 er heimilt að byggja fjögurra hæða (efsta hæð inndregin) stakstæða byggingu í tengslum við þá starfsemi sem er á lóðinni.
Í kjallara skal byggja bílageymslu, en að auki er heimilt að nýta kjallara til annarra rýma.

6.4.2 Húshæðir og þök
Fjórar hæðir og kjallari eru heimiluð á reit D4. Þak skal vera flatt og skal efsta hæð vera inndregin um 3 metra á öllum hliðum. Þaksvalir eru heimilar. Gólfkóti jarðhæðar er 5 cm hærri en gangstéttarkóti (sjá nánar skýringarmynd). Húshæð er gefin upp sem hámarkshæð byggingar frá kóta jarðhæðar (sjá skýringamyndir).

6.4.3 Aðkomur og aðgengi
Akstursaðkoma er frá Háteigsvegi annars vegar og Stakkahlíð hins vegar.

6.4.4 Bílastæði og bílakjallari
Eitt bílastæði skal vera á hverja 85-100 m2 af húsnæði. Bílastæði á reit D skulu því vera samtals að hámarki 107 ofanjarðar og þar af skal vera lágmarksfjöldi bílastæða fyrir hreyfihamlaða skv. byggingareglugerð. Auk þess er gert ráð fyrir 73 bílastæðum að hámarki í bílakjallara. Gert er ráð fyrir yfirbyggðri inn- og útgönguleið úr bílakjallara á reit D8.

6.4.5 Lóð
Vanda skal til hönnunar og frágangs lóðar. A.m.k. 50% yfirborðs garðs skal vera gegndræpt. Gert er ráð fyrir göngutengingu um garð og í garði skal útbúa svæði til dvalar og gera ráð fyrir bekkjum og gróðri. Ekki er heimilt að girða lóðina af.
Gert er ráð fyrir nýjum gróðri, trjám og lággróðri (sjá töflu og uppdrátt vegna fjölda).

6.4.6 Sorp- og hjólaskýli
Sorpflokkun og hjólaskýli skulu vera innan þar til gerðra byggingareita (sjá nánar skýringarmynd). Reitur D5 er ætlaður sorpflokkun og hjólaskýli fyrir byggingu D1. Reitur D6 og D7 eru ætlaðir fyrir hjólaskýli. Sorpflokkun bygginga D2 og D4 skal vera innan byggingareita.

Sjá einnig kafla 5 Almennir skilmálar.



Reitur A / B
Húsategund, mkv. 1:500



Reitur C
Húsategund, mkv. 1:500

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

var samþykkt í _____

þann _____ 20__ og í

_____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með

athugasemdafresti til _____ 20__.
Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild

Stjórnartíðinda þann _____ 20_

A2F ARKITEKTAR
ARKITEKTÚR . SKIPULAG . VÍSTVÆN HÖNNUN . RÁÐGJÖF
Laugarvegi 26, 101 Reykjavík s.:571 5500 a2f@a2f.is www.a2f.is
Aðalheiður Atladóttir, arkitekt FAÍ kt. 120975-5879
Falk Krüger, arkitekt HAK kt. 1061175-2539

Kennaraháskóli Íslands 1.254

Breyting á deiliskipulagi

Dagsetning	Mælikvarði	Blaðastærð
02.03.2016	1:1000, 1:500	A1

Númer:	Útgáfa	Teiknað af	Yfirfarið af
2 / 4		AA, FK	AA